

Ed.

514. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breyting á lögum nr. 69/1941, um sparissjóði.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

2. málsgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 69 27. júní 1941 orðist svo:
Ráðherra felur Landsbanka Íslands að fara með þau störf, sem sparissjóðs-
eftirlitinu eru ætluð í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 69 27. júní 1941, um sparissjóði, skal ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparissjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparissjóðum. Með því að vitað er, að eftirlitið yrði bezt rækt með því að fela það Landsbanka Íslands, sem vegna viðskipta við sparissjóðina hefur langmesta þekkingu á rekstri þeirra og efnahag, þykir eðlilegt, að ráðherra feli þeirri stofnun eftirlitið, í stað þess að fela það einstaklingi, eins og nú er gert. Gæti ríkissjóður sparað sér þennan kostnað, sem nú er áætlaður rúmlega 40 þús. krónur, því að líklegt má telja, að Landsbankinn vildi annast þessi störf ríkissjóði að kostnaðarlausu vegna viðskipta bæði við ríkissjóð og sparissjóðina, auk þess sem eftirlitið mundi á þennan hátt verða miklu öruggara.